| Titill | Kvikmyndasaga |
| --- | --- |
| Námsgrein | Kvikmyndasaga |
| Viðfangsefni | Kvikmyndasaga 20. aldar |
| Skammstöfun | KVIK2ÚK05 |
| Þrep | 2 |
| Einingafjöldi | 5 |
| Lýsing | • Í áfanganum verður farið yfir kvikmyndasögu 20. aldar, allt frá upphafi kvikmyndatækninnar undir lok 19. aldar til upphafs 21. aldar. Stiklað verður á stóru í þróun kvikmyndalistarinnar með framleiðslu, markaðssetningu, samfélagsmál og efnistök til hliðsjónar. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist grunnþekkingu á alþjóðlegri kvikmyndasögu þó bandarísk kvikmyndagerð verði fyrirferðamest.<br>• Viðfangsefni áfangans eru eftirfarandi kaflar í bókinni *Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla* eftir Arnar Elísson: „Franska nýbylgjan“, „Ameríska nýbylgjan“, „Íslenska kvikmyndavorið“ og „Feminísk kvikmyndafræði“. Einnig verður stuðst við valdar greinar úr öðrum kvikmyndafræðiritum.<br>• Horft verður á kvikmyndir frá tímabilinu, ýmist í beinum tengslum við lesefnið eða til þess að greina myndirnar sérstaklega.<br>• Námsmat byggist á verkefnum, prófum og mætingu. |
| Forkröfur | Nemandi þarf að hafa lokið 1 ári í framhaldsskóla |
| Þekkingarviðmið | **Nemandi skal hafa öðlast skilning á eftirfarandi:**<br>• Upphaf og þróun kvikmyndatækninnar<br>• Upphaf og þróun kvikmyndaframleiðslu í Hollywood<br>• Kvikmyndaframleiðsla í Evrópu<br>• Kvikmyndir og sagnfræði: Hvernig kvikmyndirnar endurspegla samfélagsgerð og aðstæður samtímans<br>• Þær kvikmyndir sem standa upp úr í kvikmyndasögunni<br>• Áhrifamestu leikstjórarnir<br>• Kvikmyndagerð minnihlutahópa |
| Leikniviðmið | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**<br>• Að tengja saman þjóðfélagslegan veruleika og hvernig hann er sýndur í kvikmyndum<br>• Greina á milli framlags þeirra, annars vegar sem skrifa handrit og leikstýra og hins vegar þeirra sem leika og leikstýra |
| Hæfniviðmið | **Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• Gerast kvikmyndagagnrýnandi<br>• Gera greinargóða samantekt á heilli kvikmynd í skorinorðu og samanþjöppuðu máli |
| Námsmat | Símat: Verkefni og próf úr lesefni áfangans. Mæting og virkni hafa einnig gildi til lokaeinkunnar. |